

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 3. ágúst 2022
UST202202-334/M.H.G.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 04.05 2022 – Kalka sorpeyðingarstöð, Helguvík

Þann 4. maí sl. fór fram eftirlit í Kólku sorpeyðingarstöð, Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Útistandandi er frávik sem fram kom í eftirliti 16. júní 2021:

- 1. Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Daglegur meðalstyrkur HCl mældist 11,71 mg/m³ þann 18. maí sl. sem er yfir starfsleyfismörkum og þrjú daga yfir starfsleyfismörkum hvað varðar daglegan meðalstyrk SO₂ (59,09 mg/m³ 28.febrúar sl, 155,19 mg/m³ 23.mars og 86,88 mg/m³ 5. apríl sl.) Starfsleyfismörk fyrir daglegan meðalstyrk HCl er 10 mg/m³ og fyrir SO₂ 50 mg/m³. **Samkvæmt úrbótaáætlun á að halda áfram greiningu á fylgni innmötunar efnis úr ólíkum straumum og efna í útblæstri, auk endurskoðunar og innleiðingar nýrra verkferla með það að markmiði að halda styrk HCl og SO₂ undir starfsleyfismörkum. Þessari vinnu á að vera lokið 15. nóvember 2022.**

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi framangreint frávik og verður því lokið þann 15.11.2022.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:

- 2. Gr. 5.5 í starfsleyfi.** Grænu bókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi fyrir árið 2021 var skilað of seint, en það barst stofnuninni 10. júní 2022.
- 3. Gr. 5.5 í starfsleyfi.** Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2021 var skilað of seint, en það barst stofnuninni 10. júní 2022.
- 4. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu. Bæta þarf girðingar á lóðum að Berghólabraut 7 og 7a til að samræmast ákvæðum starfsleyfis

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. ágúst 2022.

Virðingarfyllst,

Margrét Helga Guðmundsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur